

MONITOR



FRÍTT
EINTAK

TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍPRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNAD

GÓÐIR FARÞEGAR! ÞAÐ ER DJ-INN SEM TALAR

VINSAMLEGAST SPENNIÐ SÆTISÓLARNAR OG SETJIÐ
Á YKKUR HEYRNARTÓLIN. FJÖRIÐ LIGGUR Í LOFTINU!



Icelandair er stolt af því að Margeir Ingólfsson, DJ Margeir, hefur gengið til liðs við félagið og velur alla tónlist sem leikin er um borð. Sérstök áhersla verður lögð á íslenska tónlist og þá listamenn sem koma fram á Iceland Airwaves hátíðinni.

Hluti af þessu samstarfi er sú nýjung að heimsfrumflytja í háloftunum nýjan tónlistardisk Gus Gus, Arabian Horse sem fer í almenna sölu þann 23. maí næstkomandi – en þá hafa viðskiptavinir Icelandair haft tæpa tvo mánuði til að njóta hans – fyrstir allra.

ICELANDAIR



Ber Einar Bárðarson ábyrgð á þessu?



SÓMI ÍSLANDS, SVERÐ ÞESS OG...



SKJÖLDUR!

Dimmiterað með stæ!

Nemendur FSU fögnuðu væntanlegum skólalokum á dögnum með því að dimmitera. Þegar komið var að stjórnarráðinu virtist þeim farið að hitna í hamsi og var þörfin fyrir búninga ekki lengur fyrir hendi.



JÓN BJARNASON SÁ EKKI ÁSTÆÐU TIL AÐ RÍFA SIG ÚR FÖTUNUM, ENDA LANGT SIÐAN HANN LAUK STÚDENTSPRÓFI



Í STRÖNGU VATNI ER STUTT TIL BOTNS



SUNNLENDINGARNIR TÖLDU SIG VERA KOMNA Í NAUTHÓLSVÍK



Feitast í blaðinu

DJ Margeir er nýr tónlistarstjóri í flugvélum Icelandair. Hann spilar ekki óskalög. >>>4

Euro-Haukur grand-skóðar Eurovision-keppnina sem fer fram í næstu viku. >>>7

Who Knew í spjalli. Þeir fíla Pink en hljómsveitin líkist helst drykknum Red Bull. >>>8

Sölvi Blöndal í viðtali um gullaldarín og endurkomu Quarashi. >>>12

Andrea Röfn er ein heitasta fyrrsæta landsins. Hún gefur upp óskalistann sinn. >>>16

Efst í huga Monitor

Lestu Monitor í strætó

Frá og með þessu tölublaði verður hægt að lesa Monitor í 22 vögnum Strætó. Monitor hefur undanfarna mánuði verið að fjölga dreifingarstöðum blaðsins og er þetta mikilvægur liður í því. Auk Monitor verður hægt að lesa Finn.is, Fréttatímann og Grapevine í strætisvögnunum.

Farþegar geta bæði lesið blöðin í vagninum og tekið með sér heim. Um er að ræða tilraunaverkefni og verður boðið upp á þjónustuna í hluta vagnflotans til að byrja með. Framhaldið mun síðan ráðast af viðtökum farþega.

Reynir Jónsson, framkvæmdastjóri Strætó bs., fagnaði þessari nýbreytni. „Við hjá Strætó erum alltaf að leita leiða til að gera ferðina ánægjulegri fyrir farþega okkar og er þetta verkefni liður í því. Fjöldmörg áhugaverð blöð eru gefin út í viku hverri og þótti okkur og útgefendum þessara fjögurra blaða þjóðráð að veita farþegum með þessum hætti aðgang að þeim til að stytta sér stundir meðan á akstrinum stendur,“ sagði Reynir.



Ef þú hefur ábendingar um staði sem þér finnst að Monitor ætti að vera fánlegt á skaltu ekki hika við að senda okkur póst á monitor@monitor.is.

Monitor mælir með

FYRIR VERSLUNARMANNAHELGINA

Margir biða æsispennntir eftir **Þjóðhátíð í Eyjum** og margir hafa nú þegar bókað far þangað. Nú gefst landanum gott tækifæri til að tryggja sér miða á hátíðina á góðu verði því forsala miða hefst á vefsíðu N1 föstudaginn 6. maí og fá korthafar N1 miðann fjögur þúsund krónum ódýrari.



FYRIR MALLAKÚTINN

Hádegishlaðborð VOX er eitt það allra besta í bransanum. Frábært úrval af heitum og köldum réttum ásamt dýrindis eftirréttnum og einstaklega góðu sushi. Það kostar 3.150 krónur á hlaðborðið svo maður fer kannski ekki þangað á hverjum degi en svo sannarlega við góð tækifæri.



Á SÓLARDÖGUM

Nú þegar sólin er loksins farin að láta sjá sig er kominn tími til að gefa ísbúðum bæjarins gaum. Það er ekkert betra en að sitja í sólinni og gæða sér á ís með dýfu, bragðaref eða jafnvel jógúrtis með ávöxtum.



Vikan á... facebook

Fríðrik Dór Jónsson
Er með missed call frá Máritaníu, íslömsku lýðveldi í N-Afríku.
4. maí kl. 15:05

Vala Grand
WOW VAR AÐ FÁ FÁRAN-LEGA EGO BOOST EMAIL FRÁ EINUM....svona hljómar það wow you look to beautiful to be a normal girl wow so hot and sexy ..og ég svaraði yes coz i used to have a dick hahahahahahahahah
4. maí kl. 01:12

Ernir Eyjólfsson
Held að sonur minn tali hollensku og hebresku
3. maí kl. 22:12

Gunnar í Krossinum
Bin Laden er farinn yfir móðuna miklu.... verður heimurinn betri?
2. maí kl. 21:15

Fjalur Þorgeirsson
Veit ekki hvort ég á að vera meira brjálaður út í Gomes eða línuvörðinn
30. apríl kl. 17:21



Ritstjóri: Björn Bragi Arnarsson (bjornbragi@monitor.is) **Umbrot og hönnun:** Hilmar Gunnarsson (hilmar@monitor.is) George Kristófer Young (george@monitor.is) **Blaðamenn:** Gunnþórunn Jónsdóttir (gunnthorunn@monitor.is) Haukur Johnson (haukurjohnson@monitor.is) Sigrún Jónsdóttir (sigryn@monitor.is) **Auglýsingar:** Jón Ragnar Jónsson (jonragnar@monitor.is) **Forsíða:** Gollí **Grafík:** Elín Esther **Myndvinnsla:** Hallmar F. Þorvaldsson **Útgefandi:** Árvakur **Prentun:** Landsprent **Sími:** 569-1136 **Netfang:** monitor@monitor.is

SKÝJUM OFAR

Plötusnúðurinn **Margeir** var nýlega fenginn til að sjá um tónlist í afþreyingarkerfi **Icelandair**. Hann er nú þegar búinn að stokka vel upp í úrvalinu og heimsfrumflutti nýjustu plötu **Gus Gus** í háloftunum um daginn.



Hvaða breytingar urðu á tónlistinni í flugvélum Icelandair eftir að þú tókst til hendinni? Það fyrsta sem ég gerði var að taka svólítið vel til í safninu og búa til sérstaka lagalista. Ég trúir því að tónlistarupplifun fólks sé að breytast og það vilji frekar hlusta á stök lög með tónlistarmönnum en heilar plötur, þótt það sé að sjálfsögðu einnig í boði.

Hvernig tónlist er þetta helst? Þetta er allt frá því að vera stuðvekjandi danstónlist eins og ég er kannski þekktastur fyrir yfir í að vera gæsaáhrifandi tónlist úr klassíska geiranum. Svo er þarna líka töff tónlist í rólegri kantinum í ætt við diskana sem ég hef gert fyrir Bláa lónið ásamt Dj mixum þar sem lögin flæða saman í einni heild og ekkert bil er milli laga. Þetta eru bæði syrrur sem ég hef sérstaklega sett saman af þessu tilefni og syrrur sem ég hef komist yfir hjá kollegum mínum í bransanum og heillast af.

Er mikið af íslenskrri tónlist í boði? Ég legg einmitt sérstaka áherslu á íslenska tónlistarmenn og þá sérstaklega þá sem hafa spilað á Iceland Airwaves-hátíðinni í gegnum tíðina. Vonandi verður þetta til þess að einhverjir erlendir ferðamenn uppgötvu íslenska tónlist, jafnvel þótt þeir

séu bara að millilenda í Keflavík. Svo kom ég því í kring að við myndum heimsfrumflytja nýju Gus Gus-plötuna í háloftunum, en það gerðum við einmitt um daginn og höfum strax fengið frábær viðbrögð við því. Gus Gus er náttúrulega hljómsveit sem hefur selt hátt í eina milljón plötna og er þekkt víða um heim svo þetta var alveg fullkomið fyrir þennan vettvang.

Hefur þú fengið góð viðbrögð við flugvélartónlistinni? Já, ég hef strax fengið mjög góð viðbrögð við þessu öllu saman, jafnvel þótt frá fólki sem var að fljúga og vildi vita hvaða lög væru á lagalistunum sem það hlustaði á í fluginu.

Eru einhver fordæmi fyrir svona viðamiklum tónlistarverkefnum hjá erlendum flugfélögum? Við vitum alla vega ekki til þess að heilar plötur hafi verið heimsfrumfluttar í háloftunum fyrr. Annars er óttaleg lyftutónlistarstemning ríkjandi, alla vega hjá þeim flugfélögum sem ég hef flogið með, þanflautuútgáfur af Guns N' Roses og fleira í þeim dúr. En það getur svo sem vel verið að á bak við það liggja mikil þæling og þrotlaus vinna.

Hvaða tækifæri fylgja þessu fyrir þig? Þetta er ótrúlega spennandi verkefni og gaman að taka þátt í þessu.


Það fljúga hátt í tvær milljónir manna með Icelandair árlega svo þetta gerir kannski eitthvað fyrir mann. Ég er samt með báða fætarna á jörðinni þó að ég sé í skýjunum með lagalista. Maður kemst alla vega ekki miklu hærra en í 30 þúsund fet.

Hvað þurfa fullkomin flugvélalög að hafa? Fyrst og fremst er ég að reyna að skapa andrúmsloft þar sem fólk geti sest niður, valið stemninguna og látið svo koma sér á óvart. Ég er ekki að reyna að skemmta fólki með lagalistum sem innihalda vinsælustu lögin í dag. Það eru aðrir í því.

Færðu aldrei leið á tónlist og vilt bara hafa þögn? Þögn er vanmetin. Ég elska samt tónlist og það er ástæðan fyrir að ég hef verið svona lengi í þessum bransa.

Hvað er það leiðinlegasta við að vera plötusnúður? Þegar ég byrjaði tók ég að mér verkefni þar sem ég var að spila músík sem ég hafði ekki gaman af og það er nokkuð sem ég ákvað mjög snemma að gera ekki. Ég ætlaði ekki að vera einhver brúðkaupsplötusnúður eða óskalaga-Dj.

Hvað er algengasta óskalagið sem þú ert bedinn um þessa dagana? Ég spila ekki óskalagið.

A close-up, low-angle shot of a man with dark hair and a light beard, wearing a white cap, drinking from a clear plastic bottle of Floridaana juice. The bottle is held in his right hand and has a red label with the text 'Florida HEILSUSAFI' and '100% SAFI'. The background is a bright blue sky with green trees and a sun flare on the left.

Flóridana
LIFÐU VEL!

Florida
HEILSUSAFI

100% SAFI

Fyrri forkeppnin, 10. maí

Keppandi	Lag:	Umsögn	Kemst áfram?
1. Pólland	Lag: Jestem Flytjandi: Magdalena Tul	Það segir sína sögu um þetta lag að maður hefur ekkert um það að segja.	Nei.
2. Noregur	Lag: Haba haba Flytjandi: Stella Mwangi	Africa is the new Norway. Stella hefur það sem Lena og Alexander Rybak höfðu. Hún er krútt, vekur athygli og lagið er gripandi. Það eldist líka frekar illa. Sem sagt, líklegur sigurvegari!	Já.
3. Albanía	Lag: Feel the Passion Flytjandi: Aurela Gace	Albanar hafa sannað að fátækt er engin afsökun fyrir metnaðarleysi í Eurovision. Þetta er dálítið tormelt lag en að mínu mati eitt það besta í ár.	Já.
4. Armenía	Lag: Boom Boom Flytjandi: Emmy	Það búa um það bil jafn margir Armenar í Armeníu og utan Armeníu og allir eiga þeir líklega gemsu. Atriði Emmy er þó vel sett upp og hún er sæt. Lagið er sémilegt og hún mun enda í topp 10.	Já.
5. Tyrkland	Lag: Live it Up Flytjandi: Yüsek Sadakat	Tyrkir lentu í öðru sæti í fyrra með eitt lélegasta lag ársins. Nú eru þeir með ögn skárna lag, þó leiðinlegt sé. Sigrá þeir þá? Vonandi ekki, en komast áfram og lenda í topp 10.	Já.
6. Serbía	Lag: Caroban Flytjandi: Nína	Aðalsmerki Serba er kraftballöður og er þeirra sárt saknað. Nína væri góð í Austin Powers og er ágæt hér. Þetta er þó ekki ár Serba.	Nei.
7. Rússland	Lag: Get You Flytjandi: Alex Sparrow	Eðal-Rússapopp og vel upp sett atriði. Lagið er þínu „cheesy“ og textann mætti túlka sem morðhótun en þetta er öruggt áfram og mun skora mjög hátt.	Já.
8. Sviss	Lag: In Love For a While Flytjandi: Anna Rossinelli	Hún ætlar að sigrá á einfaldleikanum en veðbankarnir hata hana. Hún er samt hugguleg og studd af huggulegum piltum, en það dugar ekki til.	Nei.
9. Georgía	Lag: One More Day Flytjandi: Eldrine	Þessu lagi var stolið úr ruslinu frá Evanescence og mun taka 500 ár að eyðast í náttúrunni.	Nei.
10. Finnland	Lag: Da da dam Flytjandi: Paradise Oskar	Oskar litli þykir mikið krútt og syngur varamarsöng fyrir Móður Jörð, með loftbólum í hálsinum. Nú verður Finnur líklega hleypt inn úr kuldunum.	Já.
11. Malta	Lag: One Life Flytjandi: Glen Vella	Unglingsdrengrinn úr Ugly Betty er hér mættur, með rödd svartrar diskódívu. Hann á sína að.	Já.
12. San Marino	Lag: Stand by Flytjandi: Senit	Senit þykir örugglega mjög exótísk í þorpsríkinu San Marino verandi með afar huggulegt afró. Hana skortir hins vegar hæfika, sem kemur sér illa.	Nei.
13. Króatía	Lag: Celebrate Flytjandi: Daria Kinzer	Þetta er svo slæmt! Dub-step kafliinn í miðjunni bjargar engu. Kannski hefðu þau átt að hafa under-water kafla líka.	Nei.
14. Ísland	Lag: Coming Home Flytjandi: Vinir Sjonna	Ísland hefur komist áfram þrjú síðustu ár, en ekkert varir að eilífu. Lagið er örugglega betra en mörg lög í riðlinum en útlitið er samt tvísýnt. Við vonum það besta en því miður bendir margt til að komið sé að okkur að sitja hjá.	Nei.
15. Ungverjaland	Lag: What About My Dreams? Flytjandi: Kati Wolf	Þetta er líklega vinsælasta lagið hjá aðdáendum í ár. Það mun rúlla upp forkeppninni en enda lægra í aðalkeppninni, svipað og Hera gerði.	Já.
16. Portúgal	Lag: A luta é alegria Flytjandi: Homens da Luta	Stundum kölluð Village People sósíalístannta og eru ópolandi í fyrstu sýn. Þau eru þó lúmskt myndin en munu fá stígvélið eins og Sívía Nótt. Takið eftir skilaboðum á íslensku á skiltunum þeirra.	Nei.
17. Litháen	Lag: C'est ma vie Flytjandi: Evelina Sassenko	Titillinn þýðir: Þetta er mitt líf. Ef svo er þá er ansi hætt við að enginn muni vilja deila því með þér, vinan!	Nei.
18. Aserbaídsjan	Lag: Running Scared Flytjandi: Ell and Nikki	Lagið er jafn aserskt og Billy-hillan frá Ikea. Sem sagt, alls ekki. Samið af Svíum sem sömdu líka lagið Drip Drop fyrir þau í fyrra. Það virðist þó virka.	Já.
19. Grikkland	Lag: Watch My Dance Flytjandi: Loukas Giorkas ft. Stereo Mike	Loukas Giorkas er eins og falletur Trójuhestur sem allir vilja eignast. Lagið sem hann ber innra með sér er hins vegar tilræði við tónlist. Þetta ódæði mun því miður heppnast því þetta eru Grikkir.	Já.

Blue á bossanum

Strákamir í Blue ætla sér að fanga atkvæði hinna samkynhneigðu í ár. Það undirstrikuðu þeir með því að sitja fyrir naktir í Attitude sem er vinsælt blað ætlað samkynhneigðum karlmönnum. Nú er spurning hvort þeir skapi gott fordæmi með sigri og að fleiri feti sama veg á næsta ári.




Bylgjan ein um að elska Sviss

Það er ljóst að einhver innanbúarmaður á Léttbylgjunni og Bylgjunni hefur tekið ástfóstri við svissneska lagið því undanfarinn mánuð hefur lagið verið spilað nokkuð grimmt á stöðvunum tveimur. Náði það meira að segja inn á topp 10 lista Léttbylgjunnar á tímabili. Þetta er mjög athyglisvert þar sem öðrum löndum hefur lítil gaumur verið gefinn á stöðvunum. Eins þykir Sviss alls ekki líklegt til stórræða í keppninni. Ýmsir veðbankar og aðrir spáaðilar setja lagið mjög neðarlega og jafnvel neðst. Það er því spurning hvort Bylgjufólk sé að kanna hvort þeim takist að hafa áhrif á atkvæðagreiðslu þjóðarinnar með því að upphefja eitt (slakt) lag svona. Athyglisverð tilraun.



Hverjir komast áfram í Düsseldorf?

Einungis nokkrir dagar eru þar til **Vinir Sjonna** stíga á svið í **Düsseldorf** en borgin hefur þegar verið hertekin af aðdáendum og keppendum. **Euro-Haukur** er Eurovision-sérfræðingur **Monitor** en hann telur að sigurinn haldist í Vestur-Evrópu þetta ár og fari jafnvel til Norðurlandanna. Hann hefur kynnt sér lögina vel og spáir hér fyrir um gengi þeirra fyrir lesendur **Monitor**.



VISION



Seinni forkeppnin, 12. maí

Keppandi	Lag	Flytjandi	Umsögn	Kemst áfram?
1. Bosnía og Hersegóvína	Lag: Love in Rewind	Flytjandi: Dino Merlin	Hann er þjóðlagahetja Bosníumanna, svoldið eins og Bubbi. Keppti líka árið 1999. Hann á skilið tækifæri og fær það.	Já.
2. Austurríki	Lag: The Secret is Love	Flytjandi: Nadine Beiler	Þetta er ein af fáum ballöðum og gæti virkað á þá polinnmóðu. Mætti þó lokast í austurrískum kjallara mín vegna. Og hvers konar nafn er Beiler?	Nei.
3. Holland	Lag: Never Alone	Flytjandi: 3JS	Ekki eins og einhver sé að fara að ljósa Holland... En þetta er gömlukallapopp sem á kannski skilið séns en Eurovision er harður heimur.	Nei.
4. Belgía	Lag: With Love Baby	Flytjandi: Witloof Bay	Þessi acapella-hópur er ástæðan fyrir því að hljóðfæri voru fundin upp!	Nei.
5. Slóvakía	Lag: I'm Still Alive	Flytjandi: Twins	Tvíburasysturnar í Twins hafa líklega átt að gefa laginu flott útlit. Samt stendur upp úr að lagið er útvarpsvænt. Það getur ekki verið gott.	Nei.
6. Úkraína	Lag: Angels	Flytjandi: Mika Newton	Þessi ballaða er fyrsta feilspor Úkraínu í keppninni og öllum fyrir bestu að hart verði á því tekið. Úkraínunemur láta samt ekki segja sér fyrir verkum og ná að troða sér í gegn.	Já.
7. Moldóva	Lag: So Lucky	Flytjandi: Zdob si Zdub	Margir voru svekktir þegar Botnleðja komst ekki í Eurovision um árið. Þeir fá eitthvað fyrir sinn snúð hér. Það er alltaf markaður fyrir eitt svona lag.	Já.
8. Svíþjóð	Lag: Popular	Flytjandi: Eric Saade	Eric er sætur eins og Sörur Bernharðs og það segir enginn nei við Sörum. Manni líður samt illa eftir. Svona fólk nær langt.	Já.
9. Kýpur	Lag: San aggelos s'agapisa	Flytjandi: Christos Mylordos	Þetta er lagið sem aðdáendur balkanskra ballaða hafa beðið eftir. Því miður er þó hætt við að fólk gefi því ekki séns.	Nei.
10. Búlgaría	Lag: Na inat	Flytjandi: Poli Genova	Búlgörum hefur verið sparkað út með mun betri lög. Stelpurokk hefur heldur ekki verið sérlega farsælt í Eurovision.	Nei.
11. Make-dónía	Lag: Rusinka	Flytjandi: Vlatko Illievski	Hvað gengur eiginlega á í Makedóníu? Hvernig geta svona mörg slæm lög komið frá einu litlu landi? Það er rannsóknarefni.	Nei.
12. Ísrael	Lag: Ding Dong	Flytjandi: Dana International	Dana International er stofnun innan Eurovision. Lagið leynir á sér og Dana sættir sig ekki við neitt miðjumóð.	Já.
13. Slóvenía	Lag: No One	Flytjandi: Maja Keuc	Slóvenar hafa ekki komist áfram síðan 2007 en vonandi sleppa þeir í gegn núna. Hver veit nema nágrannar þeirra á Ítalíu hjálpi til.	Já.
14. Rúmenía	Lag: Change	Flytjandi: Hotel FM	Get a room, Hotel FM. Og verið í því allt kvöldið.	Nei.
15. Eistland	Lag: Rockefeller Street	Flytjandi: Getter Jaani	Þetta lag er afar vinsælt hjá aðdáendum og spekingum en hún lumar á töfrabragði sem mun fá fólk til að tala. Ef það heppnast vel gæti hún vel sigrað bara út á það.	Já.
16. Hvíta-Rússland	Lag: I Love Belarus	Flytjandi: Anastacia Vinnikova	Hvít-Rússar eru álíka hógværir og Leoncie. Maður fær á tilfinninguna að einhver hafi haldið byssu að höfði textahöfundarins, en þetta er stórkostlegt í klinkun sinni.	Já.
17. Lettland	Lag: Angel in Disguise	Flytjandi: Muisqq	Svona hefur framlag Fjölbautaskóla Suðurlands í söngvakeppni framhaldsskólanna 1999 líklega litið út.	Nei.
18. Danmörk	Lag: New Tomorrow	Flytjandi: A Friend in London	Þetta lag er eins og bútasamsteppi úr þekktum lögum en það er eitthvað hetjulegt við það. Þetta gæti verið líklegt til stórræða.	Já.
19. Írland	Lag: Lipstick	Flytjandi: Jedward	Tvíburabræðurnir í Jedward eru ekki sérlega sannfærandi þegar þeir syngja um kossafliens við stelpur en þeir munu líklega ná langt engu að síður.	Já.

Spáir Noregi sigri

Euro-Haukur spáir því að Noregur vinni í ár en telur að Eistland, Frakkland, Bretland og Þýskaland eigi líka góða möguleika. Hann telur að eftirfarandi lönd verði í topp 10, þó ekki endilega í þessari röð:

- Noregur
- Frakkland
- Tyrkland
- Þýskaland
- Armenía
- Rússland
- Svíþjóð
- Danmörk
- Eistland
- Bretland



Hvíta-Rússland – best í heimi!

Hvíta-Rússland er oft kallað sjóasta einræðisríki Evrópu og þykir almenningur í landinu búa við einkar slæman hag. Það er þó greinilega bara vitleysa því eins og Anastacia leiðir okkur í sannleikann um er Hvíta-Rússland besta land í heimi. Lagið hennar heitir I love Belarus, en hún var reyndar búin að velja annað lag fyrir á árinu sem hét Born in Belarussia, þar sem inntakið var hið sama: Hvíta-Rússland – best í heimi! Upprunalega lagið hafði þó verið flutt opinberlega síðasta sumar og stangaðist því á við reglur Eurovision. Anastacia á hins vegar fullan sarp af ættjarðarlögum og kom með nýtt innan fárra daga.



Hin stóru fimm

Þau fimm lönd sem halda keppninni að mestu uppi fjárhagslega sleppa við að taka þátt í forkeppninni og fara beint í aðalkeppnina.

Keppandi	Lag	Flytjandi	Umsögn
Frakkland	Lag: Sognu	Flytjandi: Amaury Vassili	Þessi ungi tenór mun ná mjög langt, gæti jafnvel sigrað. Óperuaðdáendur eru nefnilega eins og Tyrkir, úti um allt og eiga nóga inneign.
Ítalía	Lag: Madness of Love	Flytjandi: Raphael Gulazzi	Þetta er alls ekki það ítalska dægurlagapopp sem við þekkjum svo vel úr íslenskum jólalögum en margir eru ánægðir með endurkomu Ítala og því gæti þeim gengið ágætlega.
Bretland	Lag: I Can	Flytjandi: Blue	Strákabandið Blue gæti leikið sama leik og Katrina and the Waves gerðu fyrir Bretland 1997 og sigrað á förmri frægð. Þeir eru í hörkuformi allavega og eru sviðsvanir.
Þýskaland	Lag: Taken by a Stranger	Flytjandi: Lena	Áhugaverð tilraun hjá Þýskalandi að senda Lenu að verja titilinn en ég kærni mig ekki um að sjá hana engjast um eins og hrossaflugu á sviðinu eina ferðina enn. Því miður er samt alls ekki ólíklegt að hún sigri aftur.
Spánn	Lag: Que me quiten lo bailao	Flytjandi: Lucia Pérez	Spánverjar voru heppnir í fyrra þegar Jimmy Jump braust upp á svið og truflaði þá því annars hefði lagið gleymst á stundinni. Þau geta þó varla treyst á Jimmy í ár og munu bíða afhróð.



Segir feitt fólk óhamingjusamt

Patrick Stump sem er þekktastur fyrir að vera aðalmaðurinn í hljómsveitinni Fall Out Boy tjáði við tímavísing AP í vikunni. Hann gaf út sólóplötuna Soul Punk fyrr á árinu en Stump spilar sjálfur á öll hljóðfæri á plötunni ásamt því að hafa samið þau öll sjálfur. Fyrir útgáfu plötunnar ákvað hann fyrrum þybbni söngvari að grenna sig mikið til að fylgja eftir sólóferlinum. „Ég var orðinn leiður á að gefast alltaf upp,“ útskýrði Stump í viðtalinu og bætti við að hann hafi ekki verið sáttur við ímynd sína. „Ég vildi ekki lengur vera feiti vinurinn í hópnum,“ sagði Stump sem umturnaði algjörlega lífsstíl sínum og mataræði til að grenna sig. „Feitt fólk er ekki hamingjusamt,“ sagði Stump í viðtalinu. „Þegar maður tekst á við vandamálin greinist maður um leið.“

Halda mikið upp á Pink

Hljómsveitin **Who Knew** er að undirbúa heljarinnar tónleikaferðalag um Evrópu og ætlar að taka yfir Asíu eða Bandaríkin næst. **Monitor** ræddi við **Ármann**, söngvara sveitarinnar, um sveitta tónleika og fullkomunarárættu.

Hvernig myndir þú lýsa tónlistinni ykkar í fimm orðum? Maníu-depressíft-elektro-indí-rokk.

Myndir þú segja að sveittir tónleikar væru einkennismerki **Who Knew**? Það gerist oft en ég myndi nú kannski ekki kalla það einkennismerki okkar. Einkennismerkið okkar er kannski frekar að við skemmtum okkur vel við að spila tónlist og það virðist vera smitandi.

Kæmi til greina að taka þátt í auglýsingaherferð fyrir svitalyktar-eyði? Það gæti vel verið ef við fáum nóg borgað fyrir það. Ég þyrfti samt að ræða það við alla hljómsveitina því við ákveðum allt saman.

Afkvæmi hvaða tveggja hljómsveita væri **Who Knew**? Ætli það séu ekki Arcade Fire og Go! Team.

Hver er uppáhaldsvinahljómsveitin ykkar? Við eigum enga uppáhalds en við erum góðir vinir Retro Stefson, Mammút, Agent Fresco og margra fleiri hljómsveita. Það er ekki hægt að segja að einhver ein sé betri vinahljómsveit en önnur.

Er ný plata á leiðinni? Núna erum við að semja á fullu þangað til við förum út að túra í sumar og svo tökum við okkur jafnvel smá frí áður en við förum í hljóðver um jólin. Það er svo aldrei að vita hvenær platan kemur út því við erum svo miklir fullkomunarsinnar og viljum frekar gefa út lítið og gott efni en mikið og óvandað.

Í hvaða löndum var fyrsta platan ykkar gefin út? Devil Duck Records gáfu okkur út í Þýskalandi, Hollandi, Belgíu, Lúxemborg og Íslandi og í maí verður hún gefin út í Japan og Taívan svo við förum ábyggilega til Tökýó að spila bráðlega. Núna er Evrópa í brennidepli hjá okkur og svo verður það annað hvort Asía eða Bandaríkin sem verða næst.

WHO KNEW

Stofnuð: 2006.
Meðlimir: Ármann (söngur), Baldur (gítar/söngur), Snorri (gítar), Jökull Huxley (bassi), Jón Valur (trommur), Hilmir (syntar) og Friðjón (hljóðmaður).
Plötur: Bits And Pieces Of A Major Spectacle (2010).
Þrjú góð lög: Sharpen The Knife, We Do og Swords and Shields.



Hefur ykkur lengi dreymt um að spila á Hróarskeldu? Að sjálfsgöðu. Hvaða tónlistarmann hefur ekki dreymt um það?

Spilið þið á fleiri tónleikahátíðum erlendis í sumar? Við munum spila mikið í sumar og á mörgum tónlistarhátíðum eins og til dæmis Immergut festival í Þýskalandi og Vieilles Charrues í Frakklandi sem er jafnvel stærra en Hróarskelda. Þar verða miklar kempur að spila eins og til dæmis Lou Reed, Snoop Dogg og Cypress Hill en ég veit nú ekki hvort við séum að spila með þeim.

Erud þið byrjaðir að græða eitthvað á tónlistinni? Nei, nei, við erum allir gjörsamlega á kúnni út af tónlistinni. Þetta er dýrasta hobbí sem maður getur átt. Hérna heima þarf maður að vera helvíti lengi í bransanum til að fá borgað fyrir að spila eigin tónlist. Peningurinn er aðallega í að spila tónlist eftir aðra.

MONITOR OG TÍMABEYGGING
SVÍNARÍ Á FAKTORÝ
 FÖSTUDAGSKVÖLDIÐ 6. MAÍ

Who Knew
 Hellvar
 Hydrophobic
 Starfish

FRÍTT INN

MEYTTU TÍMANEGA KL. 22

SJÁDU WHO KNEW SPILA Á SVÍNARÍ Á FAKTORÝ FÖSTUDAGINN 6. MAÍ ÁSAMT HLJÓMSVEITUNUM HELLVAR OG HYDROPHOBIC STARFISH. HÚSIÐ OPNAÐ KLUKKAN 22. FRÍTT INN.

twitter

Tónlistarfólk tjáir sig um Osama og Obama

Fréttir um andlát Osama bin Laden bárust á Twitter á sunnudagskvöldið áður en Barack Obama Bandaríkjaforseti gaf svo út yfirlýsingu um málið stuttu seinna. Bandarískir tónlistarmenn kepptust um að leggja orð í belg eftir sjónvarpsútsendingu Obama og hér má sjá nokkur tíst frægra tónlistarmanna á sunnudagskvöldið.



@KatyPerry: Ég trúir á réttlæti... en finnst ykkur ekki að auga fyrir auga muni blinda allan heiminn? #revolution-comesthroughlove #worldpeace

@Rihanna: Rumpupupum Rumpupupum Rumpupuuu #ManDown

@youngfoll-owill (Jared Followill úr hljómsveitinni Kings Of Leon): Gaurinn sem skaut Osama er svo mikið að fara að fá á broddinn.

@BenjaminMadden (úr hljómsveitinni Good Charlotte): Hversu mikið haldið þið að Obama hafi langað til að segja BOOYAH í enda ræðunnar í kvöld? Líklega mjög mikið!

@SnoopDogg: Virðing til þeirra sem létust í 9/11. Leyfðu hermönnum að koma heim og lækkið bensínverð, lifum hamingjusöm til æviloka!

@TheRealJordin (Jordin Sparks): Ground Zero... Ég finn orkuna í gegnum sjónvarpskjáinn minn. Hún er rafmagnsþrud. #wow #historic #proudtobeanAmerican

**ÞORLEIFUR KEMUR
FERSKUR INN
Í KENNARANÁMIÐ**



Þurfti að komast yfir eigin fordóma

„Ég hafði sjálfur fordóma gagnvart kennarastarfinu og þessu námi áður en ég byrjaði,“ segir **Þorleifur Örn Gunnarsson**, nemi við kennaradeild Háskóla Íslands.

„Ég held ég sé ekki einn um að hafa stimplað kennarastarfið fyrirfram vegna lágra launa og áður fyrr hugsaði ég alltaf að þetta væri kvennastarf,“ segir Þorleifur sem fékk þó áhuga á uppeldisfræðum og að vinna með börnum fljótlega eftir að hann útskrifaðist úr Menntaskólanum við Hamrahlíð. „Ég vann á leikskóla í tvö ár eftir að ég útskrifaðist og hafði unnið með börnum á leikjanámskeiðum,“ segir hann og bætir við að þessi störf hafi verið virkilega gefandi fyrir hann.

Fann sig ekki í öðrum greinum

„Ég skráði mig því í sálfræði í háskólanum og langaði að leggja áherslu á uppeldis- og þroskasálfræði en hætti eftir eitt ár,“ segir Þorleifur sem hóf þá nám í stjórnmálafræði sem hann fann sig ekki í heldur. „Loks komst ég að því að ég ætti heima í kennaranum,“ segir Þorleifur sem kann mjög vel við sig í náminu. „Eins og áður sagði er ég búinn að prófa ýmislegt í háskólanum og þessi deild er mun persónulegri og heimilislegri en ég hef kynnst áður,“ segir hann og bætir við að kennararnir séu til dæmis mjög vinnulegir og stemningin á göngunum í kennaradeildinni sé alveg frábær.

Kemur ferskur inn í umræður

Þorleifur segist ekki hafa fundið fyrir miklum fordómum frá fólki vegna ákvörðunar sinnar um að fara í kennaranám þar sem yfir 80% nemenda eru konur. „Sumt fólk talar samt eins og ég sé eitthvað rosalega duglegur að gera þetta fyrir alla hina,“ segir Þorleifur sem kann vel við sig í minnihlutunum. „Við erum nokkrir strákar sem höfum haldið hópinn vel í gegnum námið,“ segir hann og bætir við að honum finnst oft gaman að vera einn af fáum strákum í deildinni. „Maður er svolitíð ferskur og kemur með annan reynsluheim inn í umræður og svoleiðis,“ segir Þorleifur sem upplifir sig ekki í miklum minnihluta enda segir hann kvenkyns samnemendur sína taka vel á móti strákum í deildina. „Þær eru ágætast stelpurnar.“



Vill fá Johnny Depp til að leika sig

Rokkarinn Steven Tyler er þekktastur fyrir að vera söngvarinn í Aerosmith og í einhverra augum er hann kannski bara pabbi leikkonunnar Liv Tyler. Hann er löngu orðinn rokkgoðsögn og hefur verið þekktur fyrir óheflaða lífnaðarhætti sína í gegnum tíðina. Núna hefur hann enn og aftur unnið hug og hjarta Bandaríkjamanna sem dómari í hinum vinsælu American Idol-sjónvarpsþáttum en þar þykir hann sýna á sér nýja og mýkri hlið. Tyler gaf nýverið út endurminningar sínar og halda flestir ekki vatni yfir bókinni sem ber nafnið Does The Noise In My Head Bother You? enda ófár skrautlegar rokksögurnar þar á ferð.



Rokksögur og dýrahald

Bókin segir frá ævi Tylers alveg frá því að hann man eftir sér til dagsins í dag og samkvæmt fréttavef Billboard reynir hann ekkert af skafa af hlutunum eða fegra þá í henni. „Ég hef oft og mörgum sinnum verið spurður hvernig ég varð eins og ég er og í þessari bók er öllu svarað,“ sagði Tyler í viðtali við Billboard. „Af hverju ætti ég ekki að deila tilfinningum mínum með heiminum og segja frá því hvernig ég hugsa um köttinn minn?“ Aðspurður sagðist hann vona að

Johnny Depp yrði fenginn í aðalhlutverkið ef gerð yrði kvikmynd upp úr bókinni sem er nú þegar byrjuð að klífa metsölulistana.

0 kr.
að hringja innan kerfis Símans með 1990 kr. áskrift.*

Vertu með Ring á Facebook!

Póstaðu á Facebook vegginn okkar uppáhalds vídeóinu þínu með Busta Rhymes og þú og 10 vinir þínir eigið möguleika á miðum á tónleikana 17. maí í Valsheimilinu. Við drögum út miðvikudaginn 11. maí.

www.ring.is / m.ring.is www.facebook.com/ringjarar

* 1.500 min/SMS innan GSM-kerfis Símans og 990 kr. inneign til að hringja í önnur kerfi



ÞAD ER ÞITT MÁL HVAD ÞÚ GERIR
MAGIC VEITIR
ÞÉR ORKUNA



Quarashi



UNGIR OG ÓREYNDIR Í ÚTGÁFUTEITI FYRSTU PLÖTUNNAR

Quarashi í hnotskurn

Quarashi var ein vinsælasta hljómsveit Íslands á sínum tíma og hefur með árunum orðið að eins konar költ-hljómsveit. Í sumar kemur hljómsveitin í fyrsta skipti saman í heild sinni síðan hún lagði upp laupana árið 2005 á útihátíðinni Besta útihátíðin. Fyrir þá sem þekkja ekki til sveitarinnar er tilvalið að fara örsnöggt yfir stórmerkilegan feril þeirra Sölva, Hössa, Steina, Ómars og Tiny.

Plöturnar ófáanlegar í dag

Fyrsta smáskífa Quarashi var gefin út árið 1996 og seldist upp á einum degi, sem hlýtur að teljast ótrúlegt á íslenskum markaði. „Á þessum tíma var engin kúl tónlist í útvarpinu á Íslandi,“ útskýrir Sölvi Blöndal, forsprakki Quarashi, sem stofnaði sveitina ásamt þeim Höskuldi Ólafssyni og Steinari Orra Fjeldsted. Eftir velgengni smáskífunnar Switchstance gaf Quarashi út sína fyrstu plötu, Quarashi, og fékk rapparann Ómar Swarez til liðs við sig í nokkrum lögum. Sú seldist einnig upp líkt og önnur plata hljómsveitarinnar, Xeneisis. „Engar þeirra fást lengur nema kannski mögulega Jinx,“ segir Sölvi og á þá við þriðju breiðskífu Quarashi sem var gefin út um allan heim eftir að hljómsveitin vakti athygli bandaríska útgáfufyrirtækisins EMI á fyrstu Iceland Airwaves-hátíðinni árið 1999. „Þeir ákváðu að bjóða okkur til Bandaríkjanna þar sem við bjuggum í smátíma,“ segir Sölvi. „Þar spiluðum við á fáránlega mörgum tónleikum, vöktum athygli og hjólin fóru að snúast,“ útskýrir hann en í framhaldinu fór Quarashi í tónleikaferðalag um Evrópu og í Japan.

Hössi hættir – Tiny tekur við

Árið 2002 tilkynnti Hössi að hann væri hættur í Quarashi, aðdáendum sveitarinnar til mikillar óánægju. „Við erum báðir sterkir persónuleikar með ólíkar skoðanir sem urðu ólíkari með árunum en það var Spinal Tap sem gerði útslagið,“ útskýrir Sölvi en deilur hans og Hössa urðu til þess að hinn síðarnefndi hætti í hljómsveitinni. „Hann vildi meina að Spinal Tap væri feik en ég veit að þessi mynd er ekkert feik,“ bendir Sölvi á. Quarashi þurfti þó ekki að örvænta án Hössa því stuttu seinna gáfu þeir út lagið Mess It Up með rapparann Ólaf Pál „Opee“ Torfason sem gest. Lagið sló í gegn á Íslandi og fyrr en varði hafði Quarashi fengið Egil Ólaf Thorarensen, betur þekktur undir nafninu Tiny, til liðs við sig. Síðasta breiðskífa hljómsveitarinnar, Guerilla Disco, var gefin út árið 2004 og seldist upp eins og vaninn var hjá Quarashi. Ári seinna var tilkynnt um endalok hljómsveitarinnar og meðlimir hennar fóru hver í sína áttina. „Á ákveðnum tímamarki fannst mér þetta miklu leiðinlegra en skemmtilegt og þá vildi ég hætta,“ segir Sölvi sem stýðst við svokallaða tíu ára kenningu um gæði hljómsveita. „Það er eiginlega engin hljómsveit sem hefur gefið út góða plötu eftir tíu ára samstarf. Ef þú finnur einhverja slíka máttu endilega hringja í mig því ég hef leitað víða.“



FLIPP Á ÆFINGU



ÓLAFUR PÁLL „OPEE“ RAPPADI Í SMELLINUM MESS IT UP EFTIR FRÁHVARF HÖSSA



SÖLVI OG HÖSSI MEÐAN ALLT LÉK Í LYNDI



QUARASHI OG SINFÓ Á GÓÐRI STUNDU



Í LEIT AÐ STAÐGENGLI FYRIR HÖSSA



ÓMAR BÝÐUR TINY VELKOMINN Í HLJÓMSVEITINA



TÓNLISTARVERÐLAUN RADÍÓ X OG UNDIRTÓNA ÁRIÐ 2003



Tónlistin
var bara kúl

viðtalið

„Við hittum greinilega á einhverja taug,“ segir **Sölvi** í Quarashi um fyrstu smáskífu sveitarinnar sem seldist upp á einum degi. **Monitor** ræddi við hann um Quarashi, meikævintýrið, Hössa, sápuóperu í Mexíkó og allt hitt.

Texti: Sigyn Jónsdóttir
Myndir: Gollí

sigyn@monitor.is
gollí@mbl.is

„Það hefur verið gaman fyrir okkur að finna hversu djúpt í hjörtum margra Quarashi er enn,“ segir Sölvi Blöndal sem oft er kenndur við hljómsveitina Quarashi sem hefur selt um 500 þúsund plötur um allan heim. Nýlega var tilkynnt um endurkomu sveitarinnar sem hefur ekki spilað öll saman í mörg ár. „Þetta er náttúrulega mjög skrítið því mér hefur persónulega alltaf þótt svona endurkomur vera klén fyrirbæri,“ segir Sölvi sem er engu að síður mjög spenntur fyrir tónleikunum sem Quarashi mun halda 9. júlí á Bestu útihátíðinni. Það hefur einhver ólýsanlegur sjarmi verið yfir Quarashi alveg frá því að þeir gáfu út fyrstu smáskífunna sína árið 1996 og er því ekki úr vegi að byrja á því að forvitnast um hvernig þessi ólíklegi hópur stráka kynntist og ákvað að stofna eina svölustu hljómsveit Íslandssögunnar.

Ég las einhvers staðar að þið Ómar hafið hist sem börn á Austurvelli í mótæmum gegn herstöð Bandaríkjanna á Íslandi. Er það satt? Já, auðvitað. Þetta er fin saga og mér finnst hún frábær. Við vorum svona fimm ára en héldum ekkert miklu sambandi eftir þessi kynni. Það má orða það þannig að við vissum alltaf hvor af öðrum enda báðir kommúnistar. Einn kommúnisti þekkir alltaf annan kommúnista.

Það var Spinal Tap sem gerði útslagið. Hössi vildi meina að Spinal Tap væri feik en ég veit að þessi mynd er ekkert feik.

Í sama viðtali kom fram að þú hafir kynnst Steina í hjólabrettagarði þar sem hann skeitaði meðan þú sinnir samfélagsþjónustu. Hvað var málið? Ég var að sinna samfélagsþjónustu en ekki í þeirri merkingu að einhver hafi skikkað mig til þess. Ég var að vinna á þessu skeitparki sem var þar sem Harpan er núna. Það var frábært dæmi og við vorum að setja upp einhverjar keppnir og svona. Ég veit ekki alveg hvern ég var að vinna fyrir en mig minnir að ég hafi fengið einhvern pening fyrir þetta.

Uppruni Quarashi virðist þá vera að smella hjá okkur. Hvernig kynntist þú svo Hössa sem þú stofnaðir hljómsveitina með árið 1996? Ég man nákvæmlega hvar við hittumst fyrst. Við vorum báðir í MR og Hössa vantaði ABBA-plötu því hann ætlaði að syngja Money, Money, Money í Söngkeppni framhaldsskólanna 1994. Hann spurði mig fyrir aftan Menntaskólann í Reykjavík hvort ég ætti diskinn og ég sagði nei. Það var samt allt í lagi því hann fann plötuna annars staðar.

Hvað varð um pönksveitina 2001 sem þið Hössi spiluðuð saman í? Hún leystist upp í mjög illu. Einn meðlimurinn stofnaði seinna fyrirtæki í Reykjavík sem heitir CCP og gaf síðan út með mér fyrstu plötu Quarashi.

Hvernig týpa varst þú í menntaskóla? Ég var gaurinn sem fannst allir aðrir geðveikt hallærislegir. Við Barði í Bang Gang vorum saman í bekk í MR og við vorum mikið í að finnast allir hinir mjög hallærislegir. Sumir hafa sagt að ég sé hrokafullur en ég er ekki til í að skrifa upp á það.

Hvað varstu að hlusta á sem unglingur? Ég hlustaði mikið á Slayer, Beastie Boys og Red Hot Chili Peppers. Þá voru Red Hot ennþá góð hljómsveit en ekki svona skelfilegir eins og þeir urðu seinna. Svo hlustaði ég líka á ABBA og sensaði mikið ABBA í sjálfum mér því ég á sænska ömmu. Ég fann strax að það var eitt-hvert sænskt poppskrímsli sem bjó innra með mér.

Hefur þú lært mikið í tónlist? Ég lærði á þrennt. Fyrst lærði ég lengi á selló en heima hjá sellókenningarum mínum var ísbjarnarskinn og ég fékk eiginlega miklu meiri áhuga á ísbjörnum. Ég varð því að hætta að læra á selló og fór að æfa á píanó. Það gekk ekki heldur upp því að píanókenningarann minn vantaði pössun fyrir börnin sín og þetta þróaðist einhvern veginn þannig að ég var farinn að passa börnin hennar í staðinn. Þetta er í fyrsta og eina skiptið á ævinni sem ég hef passað börn. Svo kom pabbi einn daginn til

mín og sagði mér að hlusta á lagið Moby Dick með Led Zeppelin og mér fannst það geðveikt. Í laginu er flott trommusóló svo ég ákvað að fara að læra á trommur. Það entist stutt, ég held ég hafi lært í tvö ár og hætt svo. Ég hafði í sjálfum sér engan áhuga á að verða geðveikt góður trommuleikari en ég var samt ógeðslega góður og hef fengið verðlaun og allt. Mig langaði til að stofna hljómsveit svo einhverjar gellur myndu sjá hvað ég væri mikill töffari. Það var ekki neitt dýpra á bak við það en hafandi sagt það fékk ég seinna rosalega mikinn listrænan metnað (hlær).

Það virðist sem engum hafi enn tekist að skilgreina tónlist Quarashi almennilega og í greinum um hljómsveitina hafa næstum því allar tónlistarstefnur verið nefndar. Hvernig tónlist spilar Quarashi að þínu mati? Tónlistina sem kemur út úr hausnum á mér hverju sinni. Hausinn á mér er yfirleitt í miklu ójafnvægi þannig að tónlist Quarashi er einskonar pönkbræðingur. Ég veit ekki hvað ég hef spilað í mörgum bílskúrshljómsveitum og á mörgum tónleikum þar sem bara tveir mæta og kærasta bassaleikarans. Ég var kominn með nóg af því þegar ég stofnaði Quarashi. Þá fór ég að gera mína eigin pönkbræðingstónlist og hef alltaf kallað Quarashi pönkhljómsveit.

Hössi sagði eitt sinn í viðtali að tónlist Quarashi væri eins og ef Chemical Brothers og Prodigy blönduðust við Cypress Hill og Public Enemy. Ertu sammála þessari skilgreiningu? Mér finnst þetta bara frekar vel að orði komist hjá félagi mínum. Við flúðum þessi bönd, vorum að hlusta á þau og unnum meira að segja seinna með bæði Prodigy og Cypress Hill.

Öll 500 eintökin af fyrstu smáskífunni ykkar, Switchstance, seldust upp á einum degi. Hvað gerðist eiginlega? Ég get allavega lofað þér að enginn okkar bjóst við þessu. Við höfðum bara verið í einhverjum bílskúr að gera Quarashi-lögin og Steini og Hössi voru í sjálfum sér óþekktir á þessum tíma. Eins og ég sagði áðan hafði ég spilað á mörg hundruð tónleikum fyrir tvo og kærustu bassaleikarans þannig að þú getur ímyndað þér hvað ég varð hissa þegar plöturnar okkar seldust allar upp á einum degi. Allt í einu var ég kominn í hljómsveit sem var að fara að spila fyrir fleiri. Ég hélt annars vegar að enginn myndi skilja þessa tónlist og hins vegar að enginn myndi fíla hana. Við hittum greinilega á einhverja taug og tónlistin var bara kúl. Það var ekki mikið af kúl tónlist í gangi á þessum tíma. Það var ótrúlega erfitt að alast upp þegar eina tónlistin í útvarpi og sjónvarpi voru lög með Sálinni hans Jóns míns. Þetta eru allt ábyggilega bestu menn en fyrir einhvern sem þræði eitthvað annað var þetta skelfilegt. Sálín var í sjálfum sér allt í lagi miðað við mesta íslenska early 90's tónlist sem ég hef aldrei haft þolinmæði fyrir. Á þessum tíma var engin kúl tónlist í útvarpinu á Íslandi.

Eiginlega allar plöturnar ykkar hafa selst upp. Eru einhverjar þeirra fánlegar í plötubúðum í dag? Nei, engar þeirra fást lengur nema kannski mögulega Jinx. Ég er persónulega bombarderaður af fyrirspurnum frá fólki sem vill kaupa gamlar Quarashi-plötur en ég á þær ekki.

Eftir útgáfu fyrstu breiðskífunnar ykkar tók Quarashi smáhlé. Hvað fórst þú að gera? Ég hvarf í hálf tón. Ég hafði grætt um það bil nóg til að borga einn flugmiða til Suður-Ameríku. Ég hafði aldrei komið þangað og kunní enga spænsku en hugsaði með mér: „Fokk it, ég er ævintýramaður og ætla bara að fara.“ Ég steig upp í flugvél, lenti í Buenos Aires og lagði af stað berfættur fótgangandi til Bólívíu. Svo dvaldi ég lengi í Mexíkó, talaði ekki við neinn og var eiginlega í einangrun. Lengi sat ég uppi á fjalli, fór síðan í heimsókn í fangelsi og kynntist mjög athyglisverðu fólki þar. Ég lék líka lítið hlutverk í sápuóperu í Mexíkó sem var rosalega gaman. Ég er búinn að leita að upptökunni lengi og langar mjög mikið að sjá þetta. Þegar ég kom heim vissi ég nákvæmlega hvað ég vildi gera og hóf strax að vinna að annarri Quarashi-plötu sem ég skírði í höfuðið á fótboltaíðinu Bocca Juniors sem Maradona var í áður en hann varð frægur. Stuðningsmenn liðsins kalla sig Xeneisis sem er einmitt nafnið á plötunni.

Hvernig byrjaði stóra meikævintýrið? Eftir að við gáfum út Xeneisis sem mér finnst persónulega besta platan okkar kom einhver og bað okkur um að spila á einhverri Airwaves-hátíð. Við vorum beðnir um að

HRADASPURNINGAR

Uppáhaldskvikmynd? Taxi Driver.

Versta martröð? Að verða rafmagnslaus á tónleikum; það kom einu sinni fyrir mig.

Fyndnasti maður í heimi? Gaukur Úlfarsson.

Uppáhaldstónlistarmaður? Caribou.

Það sjúkasta sem þú hefur séð á netinu? Ég þoli ekki þetta internet og er ekki á því af því að það er sjúkt.

Uppáhaldsmatur?

Soðin ýsa með kartöflum.

Það besta við Ísland? Sundlaugarnar.

Það besta við Svíþjóð? Lingon-sulta.



spila á einhverri tiskusýningu í flugskýlinu sem var ótrúlega fyndið. Þarna voru einhverjar fáklæddar gellur að labba fram og aftur og svo við að spila við hliðina á þeim eins og álfar út úr hól. Einhverjir gaurar frá bandaríska útgáfufyrirtækinu EMI sáu okkur spila þarna og ég veit ekki hvort það var út af gellunum eða okkur að þeir ákváðu að bjóða okkur til Bandaríkjanna þar sem við bjuggum í smá-tíma. Þar spiluðum við á fánlegu mörgum tónleikum, vöktum athygli og hjólin fóru að snúast smám saman.

Hvað sáuð þið fyrir ykkur að ná langt í bransanum?

Fyrir okkur var ævintýri lífs okkar að fá að búa fimm gaurar saman í 45 fermetra íbúð í New York í nokkra mánuði. Það voru öll heimsyfíráðin okkar. Við bjuggum við hliðina á Hell's Angels og einu sinni hótuðu þeir að drepa okkur, það var nóg til að toppa ferðina fyrir okkur. Síðan þegar við fengum samninginn kom maður í heimsókn, við skrifuðum undir eitthvað og fengum ávísun upp á tugi þúsunda dollara. Okkur fannst það svo óraunverulegt að við héldum að þetta væru feikpeningar og settum ávísunina upp á arinhillu í íbúðinni. Steini er rosa duglegur að þrifa og þurrka af og einn daginn henti hann ávísuninni.

Quarashi fór á tónleikaferðalag um allan heim. Hvar fannst þér skemmtilegast að spila? Ég á mér þrenna

uppáhaldstónleika. Uppáhaldstónleikar númer eitt voru í Washington D.C. þar sem við hituðum upp fyrir Eminem á 40 þúsund manna tónleikum. Steini hafði snúið sig kvöldið áður og þurfti að vera í hjólastól á sviðinu sem reitti Bandaríkjamenn til reiði því þeir héldu að við værum að gera grín að fötluðum. Uppáhaldstónleikar númer tvö voru í Montana sem er frekast afskekkt fylki vestarlega í Bandaríkjunum. Það var alveg geðveikt því allir þrjú þúsund áhorfendurnir voru eins og þeir höfðu dýrkað Quarashi í mörg ár. Uppáhaldstónleikar númer þrjú voru svo í Tókyó í Japan árið 2002 sem voru alveg þrjáæðislega skemmtilegir.

Ég veit ekki hvað ég hef spilað í mörgum bílskúrshljómsveitum og á mörgum tónleikum þar sem bara tveir mæta og kærasta bassaleikarans.

Ert þú með einhverjar roksögur af tónleikaferðalögum ykkar?

Það eru endalausar roksögur af þessum túrum eins og þú getur ímyndað þér. Þetta er bara einn stór sirkus. Rútbílstjórinn okkar var til dæmis yfirleitt á mjög sterkum efnum en ég hef reyndar aldrei fyrirhitt jafn góðan bílstjóra. Síðan þegar honum var skipt út fyrir edrúmann gat ég aldrei sofið því hann beygði svo asnalega og þá fór ég fyrst að verða hræddur. Svo vorum við með vjersta tour manager í heimi. Einu sinni ætlaði hann að berja alla hljómsveitina af því að einn okkar tók mjólk út úr ísskápnum og setti hana ekki inn aftur. Fólk verður tæpt á geði á svona tónleikaferðalögum.

Hvað áttuð þið margar grúppur þegar mest var?

Öruglega margar, ég reyndi að fylgjast sem minnst með því hjá hinum. Ég er reyndar orðinn feministi eftir að hafa búið úti í Svíþjóð svo ég tala ekki um konur sem grúppur vegna þess að ég virði þær.

Hvað heldur þú að þið eigið margar í dag? Grúppíur? Ég held að það sé eitthvað fátt um fina drætti í því.

Af hverju hætti Hössi í hljómsveitinni árið 2002? Við Hössi lentum í rifrildi um Spinal Tap meðal annars. Við erum báðir sterkir persónuleikar með ólíkar skoðanir sem urðu ólíkari með árunum en það var Spinal Tap sem gerði útslagið. Hössi vildi meina að Spinal Tap væri feik en ég veit að þessi mynd er ekkert feik. Í dag erum við sammála um að vera ósammála. Við unnum saman eins og bræður og deildum eins og bræður. Stundum kemur að því að leiðir eiga að skilja og það var í sjálfu sér gert í fullri sátt okkar beggia. Eigum við ekki bara að kalla þetta happy break-up.

Í nýlegu viðtali líktir þú hljómsveit við hjónaband. Hvernig var staðan á hjónabandinu eftir að Hössi hætti? Við rebounduðum með Opee og lentum síðan í föstu sambandi með Tiny.

Hvernig kom það til að Tiny byrjaði í hljómsveitinni? Ég hitti hann á Kaffivagninum og hann var að borða kleinu. Ég hafði heyrt í honum og vildi fá hann í hljómsveitina því mér fannst hann kúl. Ég hafði líka heyrt lagið Straight Execution sem var mjög kúl. Hann hafði einnig þetta street cred sem hann bakkaði upp í textunum sínum.

Steini hafði snúið sig kvöldið áður og þurfti að vera í hjólastól á sviðinu sem reitti Bandaríkjamenn til reiði því þeir héldu að við værum að gera grín að fötluðum.

Hvernig byrjuðu endalok Quarashi? Á ákveðnum tímamarki fannst mér þetta miklu leiðinlegra en skemmtilegt og þá vildi ég hætta. Ég styðst við svokallaða tíu ára kenningu sem bendir á að það er eiginlega engin hljómsveit sem hefur gefið út góða plötu eftir tíu ára samstarf. Ef þú finnur einhverja slíka máttu endilega hringja í mig því ég hef leitað víða og er langskólagenginn maður úr erlendum háskólum sem hefur skrifað lærdar greinar.

Hvað tók við hjá þér eftir Quarashi? Ég fór og varð hagfræðingur því mér fannst það falleg fræði. Síðan flutti ég til Svíþjóðar og langaði mjög mikið til að breyta nafninu mínu í Sölvi Ákerström því ég var svo hrifinn af Fred Ákerström sem er sænskur vísna-söngvari. Ég fór að verða sænskari og sænskari með hverjum deginum og fólk er farið að gera grín að mér og segja að ég sé með sænskan hreim sem ég kannast ekki við.

Hvernig kannst þú við þig í Svíþjóð? Ég kann mjög vel við mig í Stokkhólmi. Það er yndislegt fólk hérna og ef maður kemst yfir húmorsleysið í Svíum er þetta sennilega besti staður á jörðinni.

Ert þú enn að vinna eitthvað í tónlist? Já, ég er einmitt að fara að gefa út lag bráðum ásamt sænskri stelpu. Við köllum okkur Kim og Elsa. Þetta er allt öðruvísi en Quarashi.

Hvernig ert þú stemmdur fyrir tónleikunum í sumar? Mjög vel. Þetta er náttúrulega mjög skrítið því mér hefur persónulega alltaf þótt svona endurkomur vera klén fyrirbæri og hefðir þú spurt mig fyrir þremur mánuðum hvort ég væri til í þetta hefði ég sagt nei. Fréttablaðið hringdi í mig fyrir fjórum vikum og þá sagði ég nei. Fjórar vikur eru langur tími í rapptónlist.

Eruð þið byrjaðir að æfa á fullu eða kunnið þið öll lögin ennþá? Núna erum við aðallega að hugleiða grimmt saman til að komast í tengsl hver við annan og ná gamla filingnum aftur.

Sérð þú fyrir þér að Quarashi muni gefa út eitthvert nýtt efni í framhaldi af endurkomunni? Nei, þá þyrfti ég einhvern veginn að hugleiða mig inn í árið 1996.

Átt þú þér eitthvað uppáhaldslag með Quarashi? Auðvitað á ég mér nokkur uppáhaldslög. Quarashi-lögin hafa sum komið á tíu mínútum eins og Mess It Up eða níu mánuðum eins og Baseline sem við höfum alltaf verið mjög ánægðir með.

Hvaða lag fannst þér leiðinlegast að spila? Ég hef alveg fengið ógeð á Quarashi-lögunum, trúðu mér. Reyndar er eitt sem ég hata meira en allt, Jivin' About. Við gáfum það út tvisvar undir nöfnunum Jivin' About og Transparent Parents og ég veit ekki hvor var verri, fyrri eða seinni útgáfan. Ég myndi lýsa þessu lagi sem satanísku.

Verðið þið einhvern tímann of gamlir fyrir Quarashi? Já. Að rappa 300 orð á mínútu er erfitt.



Saman látum við hjólin snúast

PÚ

SKÓLANÁM

GRUNNÁM VIÐ TÆKNI- OG VERKFRÆÐIDEILD HR

VERKFRÆÐI

- Fjármálaverkfræði
- Hátækniverkfræði
- Heilbrigðisverkfræði
- Hugbúnaðarverkfræði
- Rekstrarverkfræði
- Vélaverkfræði

TÆKNIFRÆÐI

- Byggingartækni
- Iðnaðartækni
- Rafmagnstækni
- Vél- og orkutækni


ÍPRÓTTAFRÆÐI

- Ípróttافرæði

BYGGINGAFRÆÐI IÐNFRÆÐI

- Byggingafræði
- Byggingariðnfræði
- Rafiðnfræði
- Rekstrariðnfræði
- Véliðnfræði

UMSÓKNARFRESTUR
ER TIL 5. JÚNÍ



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
SAMAN LÁTUM VIÐ HJÓLIN SNÚAST

www.hr.is



Sól, golfföt og hvítar skyrtur

Andrea Röfn Jónsdóttir er ein af eftir-sóttari fyrirsetum landsins um þessar mundir. Andrea tók þátt í **Elite-keppninni** í fyrra og lenti í öðru sæti og hafa verkefnið hrannast upp hjá henni síðan enda gullfalleg stúlka hér á ferð. **Stíllinn** hittir Andreu og spurði hana hvað væri á óskalistanum hennar fyrir sumarið.

ÓSKALISTINN MINN

NARS „the multiple“ kinnalit

Ég get ekki sagt að ég máli mig mikið en mér finnst alltaf gaman að spá í og skoða snyrtivörur. Ég sá þennan kinnalit fyrir nokkrum mánuðum en hef alltaf gleymt að kaupa hann þegar ég fer út. Það væri því tilvalið að fá sér einn fyrir sumarið í ferskum og björtum lit. Svo fékk hann líka Elle-snyrtivöruverðlaun á síðasta ári, ekki slæmt.



Hvít skyrt

Hvítar skyrtur og bolir er eitthvað sem ég fæ ekki nóg af. Þessi Cheap Monday-skyrtublússa er mjög hentug fyrir sumarið ef mann langar að vera frekar „casual“ en samt smart og svo passar hún líka við allt, hæla, flatbotna, gallabuxur eða leggings.



Sólin

Hún hlýtur að fara að láta sjá sig, eftir allt þetta vetrar-djók!



Converse All Star

Ég hef átt þónokkur pör af Converse-skóm og er meira fyrir þessa þykkbotna klassísku frekar en nýju gerðina. Mínir allra uppáhalds Converse-skór voru með silfurpalliettum og ég notaði þá svo mikið að ég labbaði næstum í gegnum þá. Ég væri klárlega til í annað par af þannig skóm.

Landakorts-límmiðar

Ég hef virkilega gaman af því að ferðast og geri eins mikið af því og mér býðst. Ég sá fyrir nokkru síðan í Epal, landakortslímmiða og ég sé þá vel fyrir mér uppi á vegg í herberginu mínu.



Ferð til London

Ég hef ferðast mikið frá því ég var lítil og þá aðallega um Evrópu og Ameríku. En þrátt fyrir öll ferðalögin þá á ég enn eftir að heimsækja eina vinsælustu borg í Evrópu, London. Miðað við það sem ég hef heyrt af London held ég að hún sé stórskemmtileg borg og ég er eiginlega strax búin að ákveða að hún verði með mínum uppáhalds borgum!



Fylltir tréhælar

Mig langar í nýja fina skó fyrir sumarið. Mér finnst þessir sérstaklega flottir, tréhællinn og brúna leðrið passa vel saman.



Marc Jacobs/Sonia Rykiel-veski

Ég er búin að láta mig dreyma um svona veski í svólíttinn tíma og ætla klárlega að kaupa mér þegar ég finn það rétta. Ég sá þetta á netinu um daginn og finnst liturinn mjög skemmtilegur og hefði alls ekkert á móti einu svona fyrir sumarið!



Golfföt

Nú þegar veðrið fer að verða gott þá draga mamma og pabbi mig með sér í golf en ég fékk golfsett í jólagjöf. Í sumar ætla ég að reyna að vera dugleg við að æfa mig og þá skemmir ekki fyrir að spila sig svólítið inn í hlutverkið í flottum golfgalla.



Ray Ban-„cats“

Það er kannski frekar týpískt að nefna Ray Ban-sólgleraugu en ég er alveg ástfangin af þessari týpu og hef lengi ætlað að kaupa mér svona. Mér finnst liturinn líka skemmtilegur.



Jay-Z tónleikar

Ég á mér stóran draum sem er að fara á tónleika með snillingnum Jay-Z. Ég held ég þurfi ekki að segja neitt meir!

Loðið er lekkert



Í dag er fallet að vera með þykkar og höfðinglegar augabrúnir eins og fyrirmyndin Audrey Hepburn var forðum dag. Það er staðreynd að þykkar og falletgar augabrúnir gera mann unglegr og ferskari. Það þykir mun flottara í dag að vera með þykkari en þynnri augabrúnir enda er aldrei fallet að vera með örþunnar og tjásulegar augabrúnir. Farðu því að safna en snyrtu aðeins umgjörðina. Varastu að missa þig með plokkanann í hendi.



Mynd/Golli

cacharel



www.myamor.com
www.facebook.com/amoramor

TAKMARKAÐ MAGN

TÍSKUFYRIR-
MYND BARNA
UM ALLAN HEIM



ÞESSI STÍGVÉL
SELDUST Í BÍLFÖRMUM



STRAX BYRJUD
AÐ MÁLA SIG



SURI KANN AÐ
STILLA SÉR UPP

Frægasta barn í heimi?

Þjattrófan **Suri Cruise** er dóttir leikarahjónanna **Katie Holmes** og **Tom Cruise**. Hún er hundelt af ljósmyndurum hvert sem hún fer enda alltaf klædd í nýjustu tísku.

Suri fæddist í apríl árið 2006 og fagnaði því fimm ára afmæli sínu nýlega. Þrátt fyrir ungan aldur er hún heimsfræg og ljósmyndarar fylgja henni hvert fótmál. Ef nafn hennar er slegið inn á Google fást 7 milljónir niðurstaða sem hlýtur að vera vel yfir meðallagi fyrir fimm ára börn.

Mæðgurnar Katie og Suri eyða dögnum yfirleitt í að kaupa fót og hinn fimm ára gamla Suri er orðin hálfger tískufyrirmynd barna í Bandaríkjunum. Hún klæðist hælaskóm, notar förðunarvörur og er algjör mömmustelpa.

STÍLLINN

Hægt er að fylgjast með stíl Suri á tiskublogginu SuriCruiseFashion.blogspot.com. Þar sést til dæmis hvaða fötum hún klæðist í hverri viku og hvar þau fást.



KOMIN Í SIÐKJÓLATÍSKUNA



FJÖGURRA ÁRA Í HÆLASKÓM



HELDUR Í BARNBLEGU
ÍMYNDINA MEÐ BANGSA LITLA



SURI ER MEÐ FIERCE-SVIPINN Á HREINU

MONITOR OG TUBORG KYNNNA:

SVÍNARÍ Á FAKTORÝ

#2
FÖSTUDAGSKVÖLDIÐ 6. MAÍ

Who
Knew

Hellvar

Hydrophobic
Starfish

ATH
síðast komust færri
að en vildu

FRÍTT
INN

MÆTTU
TÍMANLEGA
KL. 22

MONITOR

TUBORG
LIQUID SOUNDTRACK

FAKTORÝ

Vin Diesel heitir réttu nafni **Mark Sinclair Vincent** og er 43 ára.

FERILLINN



Paul Walker

Hæð: 186 sentimetrar.
Besta hlutverk: Brian O'Conner í Fast & The Furious-myndunum.
Staðreynd: Fór í prufu fyrir hlutverk Anakin Skywalker í Star Wars en þótti of gamall fyrir hlutverkið.
Eitruð tilvitnun: „Lífið er of stutt og stærsta bölvunin er að verða ástfanginn.“

1973 Fæddist 12. september í Glendale í Kaliforníu sem Paul William Walker IV.

1975 Hóf fyrirsætuférl sinn í auglýsingum fyrir sjónvarp og tímarit. Walker lék meðal annars í sjónvarpsauglýsingu fyrir Pampers-bleyjur þegar hann var kornabarn.

1985 Byrjaði að leika í sjónvarpsþáttum á borð við Highway To Heaven, Who's The Boss? og Touched By An Angel.

1987 Lékk í hryllingsgamanmyndinni Monster In The Closet aðeins 14 ára gamall. Eftir það lék hann í nokkrum kvikmyndum sem vöktu litla sem enga athygli.

1998 Kom sér á kortið í Hollywood með leik sínum í kvikmyndinni Meet The Deedles og nældi sér í framhaldinu í aukahlutverk í kvikmyndum á borð við Pleasantville og She's All That. Sama ár eignaðist hann dótturina Meadow með fyrrverandi kærustu sinni.

2001 Sló í gegn er hann lék á móti Vin Diesel í fyrstu The Fast And The Furious-myndinni. Eftir það tók ferill Walker rækilegan kipp og hann byrjaði að fá stærri kvikmyndahlutverk inn á borð til sín. Walker lék einnig í framhaldsmyndunum 2 Fast 2 Furious og Fast & Furious.

2002 Átti í stuttu ástarsambandi við meðleikkonu sína úr The Fast And The Furious, Michelle Rodriguez.

2005 Byrjaði með núverandi unnustu sinni, Jasmine Pilchard-Gosnell. Þá var hún aðeins 16 ára gömul.

2010 Tók þátt í gerð þáttaraðarinnar Expedition Great White fyrir sjónvarpsstöðina National Geographic. Walker hefur mikinn áhuga á sjávarlíffræði og fór í 11 daga ferð þar sem 7 hvítir hákarlar voru merktir við strendur Mexíkó.



VIN DIESEL ER UM ÞAÐ BIL TÍU HESTÖFL

Frumstýningar helgarinnar

Fast Five

Leikstjóri: Justin Lin.
Aðalhlutverk: Vin Diesel, Paul Walker og Dwayne Johnson.
Dómar: IMDB: 7,9 / Metacritic: 6,9 / Rotten Tomatoes: 79%
Lengd: 130 mínútur.
Aldurstakmark: Bönnuð innan 12 ára.
Kvikmyndahús: Sambíóin Álfabakka og Kringlunni, Laugarásbío og Borgarbío.



Fimmta myndin í kvikmyndaseríunni The Fast And The Furious segir eins og fyrri myndirnar frá fyrrum lögreglumanninum Brian O'Conner (Paul Walker), glæpamanninum Dominic (Vin Diesel) og genginu hans sem eru snillingar í að komast í kast við lögin. Nú eru þau komin með bakið upp við vegg í Rio De Janeiro í Brasilíu og verða að ljúka einu verkefni í viðbót til að öðlast frelsi. Þau safna saman úrvalslíði kappakstursmanna til að mæta spilltum viðskipta-jöfri. Hann er þó ekki sá eini sem er á eftir Dominic og félögum því alríkislögregluáðurinn Luke Hobbs (Johnson) situr einnig um þau.

Something Borrowed

Leikstjóri: Luke Greenfield.
Aðalhlutverk: Ginnifer Goodwin, Kate Hudson og Colin Egglesfield.
Lengd: 113 mínútur.
Aldurstakmark: Leyfð öllum aldurshópum.
Kvikmyndahús: Sambíóin Kringlunni og Álfabakka.



Rachel (Goodwin) er hæfileikaríkur lögfræðingur sem vinnur á lögfræðiskrifstofu í New York. Hún hefur lengi verið einhleyp og besta vinkona hennar, Darcy (Hudson), er sífellt að hvetja hana til að finna sér kærasta. Eftir einum of marga drykki á þrítugsafmæli sínu stekkur Rachel upp í bólið með unnusta Darcy og allt fer til fíandans.

Route Irish

Leikstjóri: Ken Loach.
Aðalhlutverk: Mark Womack, Andrea Lowe og John Bishop.
Dómar: IMDB: 6,9 / Metacritic: / Rotten Tomatoes: /
Lengd: 109 mínútur.
Aldurstakmark: Leyfð öllum aldurshópum.
Kvikmyndahús: Bíó Paradís.



Route Irish segir frá Liverpool-búanum Fergus Molloy. Hann hefur nýlega misst sinn besta vin, Frankie, í stríðinu í Írak, nánar tiltekið á hinni stórhættulegu leið Route Irish. Fergus á samt erfitt með að sætta sig við útskýringar á dauða Frankies og eftir að hafa komist yfir ný gögn sem tengjast árásinni tekur Fergus rannsóknina í sínar hendur og afhjúpar um leið ýmsar skuggalegar staðreyndir.

KVIKMYND

Thor

Leikstjóri: Kenneth Branagh.
Aðalhlutverk: Chris Hemsworth, Natalie Portman og Anthony Hopkins.
Lengd: 114 mínútur.
Dómar: IMDB: 7,7 / Metacritic: 5,9 / Rotten Tomatoes: 91%



Ný ofurhetja, sami búningur

Til að byrja með er Thor vel leikin, vel gerð og í marga staði flott mynd. Það allt saman kemur ekki á óvart þar sem þessi mynd er svokallaður sumar-smellur og hefur því haft ágætis fjármagn. Eftir að hafa lent upp á kant við föður sinn er Thor gerður útlægur úr Ásgarði og sendur til jarðar þar sem hann kynnist mannfólkinu og lífinu á jörðinni. Chris Hemsworth leikur Thor og hann hreinlega smellpassar í hlutverkið. Hávaxinn, ljóshærður og helmassaður eins og við karlmennimír frá Norðurlöndum erum. Einnig var Idris Elba frábær í hlutverki Heimdallar en hann og Chris Hemsworth björguðu þessari mynd algjörlega. Natalie Portman leikur Jane Foster en hún er ungur vísindamaður sem kynnist Thor á jörðinni og verður að sjálfsgöðu ástfangin af honum. Kemur á óvart. Hún og hennar teymi var leiðinlegt og gaf myndinni ekkert auka sem hún þurfti svo sannarlega.

Nákvæmlega eins og við var að búast
Ég vil taka það fram að ég elska þessar „comic

book“-myndir og er alltaf mættur þegar Marvel kemur með mynd. Þess vegna fór það afskaplega í taugarnar á mér að ég hefði alveg eins getað verið heima hjá mér og horft á einhverja gamla ofurhetju-mynd. Þessi mynd kom ekki með neitt nýtt. Það er verið að dæla peningum í svona kvikmyndagerð og það eina sem ég bið um er að menn komi ekki með Spiderman-handritið, skriðu Thor í staðinn, breyti nokkrum nöfnum og byrji svo bara tókur. Hvað varð um hugmyndaflugði hjá þessum gaurum? Komiði allavega með eitthvert tvíst í handritið sem fær mann til að slefa. Ég sat í salnum sallarólegur og beið eftir að þessu lyki því þetta var eins og kaupa sér Betty Crocker-uppskrift að köku. Stendur fyrir sínu en ekkert meira en það. Að lokum vil ég að einhver stoppi þessa 3D-menningu því það er ómurlegt að horfa á mynd með einhver gleraugu.

Tómas Leifsson



Popp-korn

Leikstjórnir **Peter og Bobby Farrelly** hafa nú þegar fengið þá **Sean Hayes, Will Sasso** og **Chris Diamantopulus** til að



leika grínþreykið **Three Stooges** í samnefndri kvikmynd í vikunni skrifaði svo grínistinn **Larry David** undir samning um að leika stórt aukahlutverk í myndinni. Um er að ræða hlutverk nunnu sem elur ólátabelgina upp á munaðarleysingjahæli svo aðdáendur Davids bíða væntanlega spennir eftir að sjá hann í konuklæðum.

Í lok síðasta árs hóf kvikmyndateymi

Kathryn Bigelow og **Mark Boal** að fylgjast með bandarískri sérsveit sem endaði svo með að ráða **Osama Bin Laden** af



dögum á sunnudaginn. Til stóð að gera kvikmynd um misheppnaða tilraun Bandaríkjamanna til að myrða Bin Laden en ákveðið hefur verið að framleiða myndina ekki fyrr en komið hefur í ljós hvernig viðbrögð Araba verða við andláti Bin Laden. Bigelow vill þó reyna að hefja tókur sem fyrst og stefnir á að hefjast handa í sumar.

Leikkonan **Anna Faris** sem flestir þekja úr

Scary Movie-kvikmyndunum er nú í samningaviðræðum um að fara með aðalkvenhlutverkið í myndinni



The Dictator, nýjasta hugarfóstri **Sacha Baron Cohen**.

Myndin segir frá einræðis-herra sem hættr lífi sínu fyrir landið sem hann elskar. Leikstjórinn **Larry Kingsley** sem leikstýrði **Baron Cohen** í **Borat** og **Bruno** hefur tekið að sér verkefnið.

Mikil spennu ríkir fyrir Disneymyndinni **Oz: The Great And Powerful** sem segir frá atburðum í Oz áður en Dórótea villtist þangað.

Leikkonan **Rachel Weisz** mun líklega taka að sér að leika illu nornina



Evanora og leikarinn **James Franco** hefur nú þegar skrifað undir samning um

að leika í myndinni. Hann mun fara með hlutverk sölumanns sem flækist einhvern veginn til Oz eftir að blaðran hans lendir í hvírfilbyl. **Mila Kunis** mun fara með hlutverk nornarinnar Theadora.

Geggjuð gervigreind

Það hefur ríkt gríðarleg eftirvænting eftir leiknum Portal 2 frá Valve, en fyrri Portal-leikurinn sló eftirminnilega í gegn og var talinn einn sá frumlegasti það herrans ár 2007. Hin gufuruglaða og geggjaða gervigreind GLaDOS (alvarleg ofstuðlun) er mætt aftur til að hrella aðalsöguhetjuna Chell, sem taldi sig hafa rústað henni í fyrri leiknum. Portal 2 hefst þar sem Chell er vakinn upp af vélmenninu Wheatley sem flytur henni þessar „góðu“ fréttir og halda þau af stað til að ganga frá GLaDOS í eitt skipti fyrir öll.

Í Portal 2 þurfa leikmenn að leysa fjölmargar þrautir sem GLaDOS-kvikindið hefur sett upp til að stöðva Chell. Stærstan hluta leiksins eru leikmenn settir inn í misstór herbergi og er markmiðið að finna leiðina út. Í hverju herbergi eru alls kyns tæki og töl sem leikmenn þurfa að virkja til að komast á leiðarenda. Auk þess eru leikmenn vopnaðir svokallaðri portal-

byssu en með henni er hægt að skjóta bláum og appelsínugulum götum á veggi herbergjanna. Götin virka þannig að þegar gengið er inn í bláa gatið kemur maður útum það appelsínugula og öfugt.

Hæfileikaríkustu leikjahönnuðimur

Þrautir leiksins eru mjög vel hannaðar og reyna vel á leikmenn. Einnig eru þrautirnar fjölbreyttari en fyrr og innihalda helling af nýjum hlutum sem glíma þarf við. Auk þess að geta spilað í gegnum söguþráð leiksins er hægt að spila Portal 2 í tveggja manna „coop“ spilun, en sá hluti leiksins inniheldur fjölda þrauta sem krefjast þess að tveir leikmenn leysi saman. Þennan hluta leiksins er bæði hægt að spila á einum skjá eða í gegnum netið.

Grafíkin í Portal 2 er stórgóð og mun flottari en í fyrri leiknum, en hin raunverulega stjarna Portal 2

TÖLVULEIKUR



Portal 2

MMMMM

Tegund: Þrautaleikur

PEGI merking: 12+

Útgefandi: Valve

Dómar: Gamespot: 9 / IGN: 9,5 / Eurogamer: 10



er talsetningin. Þar fer fremstur í flokki leikarinn Stephen Merchant sem talar fyrir Wheatley og skilar þar einhverri myndustu persónu tölvuleikjanna.

Portal 2 er einstakur gæðaleikur sama hvernig á það er litið og ljóst að Valve-fyrirtækið hefur á að skipa einhverjum hæfileikaríkustu, myndustu og hugmyndafríkustu leikjahönnuðum í dag.

Ólafur Þór Jólsson



Bale laus við stjórnustæla

Leikstjóri kínversku myndarinnar Nanjing Heroes er stórhreifinn af leikaranum Christian Bale og hrósaði honum í hástert í viðtali við AP-fréttastofuna fyrr í vikunni. Bale mætti á tókustað í Nanjing hinn 2. febrúar og vildi ekki láta stjarna meira við sig en aðra á settinu samkvæmt leikstjóranum Zhang Yimou, sem var ánægður með vilja Bales til að láta sig hafa erfiðar aðstæður á tókustað. „Fagmennska hans var ótrúleg,“ sagði Yimou meðal annars um óskarsverðlaunaleikarann og bætti við að hann hefði sjaldan séð eins hógværan mann. „Hann mætti meira að segja í afmælisveislu eins aukaleikarans og skemmti sér konunglega með fullt af ókunnugu fólki eins og hann væri ekkert merkilegri en við hin,“ útskýrði Yimou ánægður með leikaravali sítt. „Ef ég bað hann að leika á ákveðinn hátt gaf hann mér þrjá möguleika, ef ég bað um þrjá gaf hann mér fimm,“ sagði hann um Bale sem er greinilega einstaklega þægilegur að vinna með.



Lét umskera Guy Ritchie

Það er margt sem menn væru tilbúnir að gera fyrir konurnar sínar en það er ekki víst að allir myndu samþykkja að láta fjarlægja hluta af líkama sínum fyrir þær. Samkvæmt andlegum ráðgjafa Madonna, Karen Berg, fór leikstjórinn Guy Ritchie í aðgerð og lét umskera sig fyrir Madonna þegar þau voru gift. „Hún heldur uppi ströngum hefðum gyðinga á heimili sínu og lét umskera bæði son sinn og eiginmann,“ sagði Berg í viðtali við New York Magazine í síðustu viku. Madonna fæddist inn í rómversk-kaþólska trú en kynntist Kabbalah-söfnuðinum í fyrsta skipti í matarboði í Los Angeles þegar hún var ólétt að dóttur sinni, Lourdes. Hún hefur síðan þá talað mjög mikið um hvernig trúin hafi hjálpað sér í gegnum tíðina en gekk kannski heldur langt er hún lét umskera eiginmanninn sem hún skildi síðar við.



lönnám ... nema hvað?

lönnám veitir þér aðgang að skemmtilegu, skapandi og vel launuðu starfi og gefur þér kost á háskólanámi. lönnám skapar þér óteljandi möguleika.

Kíktu á framboðið á www.idan.is/nam-og-storf - þar eru yfir 60 námsgreinar í boði.



VALDIMAR
Hressó og Faktörý
Fimmtudag og laugardag
kl. 22.

Eins konar Paddy's Reykjavíkur

„Ég verð stundum rámur þegar líða tekur á tónleika en ég er nú ekkert að fara að missa röðina á næstunni,“ segir Valdimar Guðmundsson, söngvari hljómsveitarinnar Valdimar, sem virðist vera að spila alls staðar þessa dagana. „Við fengum reyndar fríhelgi um síðustu helgi sem var fínt,“ segir Valdimar og bendir á að giggin hafi farið að hrannast inn síðan lagið Yfirgefn sló í gegn hjá landanum. Sveitin spilar á tónleikaröð Gogoyoko á Hressó á fimmtudagskvöldið og síðan á tónleikum með hljómsveitinni Ælu á Faktörý á laugardagskvöldið. Valdimar segist spenntur fyrir tónleikunum og bætir við að hann hafi aldrei áður spilað á Hressó. „Ég hef reyndar aldrei komið þangað inn verandi mikill Keflvíkingur sem hangir yfirleitt á Paddy's,“ útskýrir hann og á þá við staðinn fræga í Keflavík. Hljómsveitin Æla er líka af Suðurnesjunum og Valdimar hefur lengi verið aðáandi hennar. „Maður hefur mætt á tónleika hjá þeim á Paddy's,“ segir söngvarinn og bendir á að það verði líklega margir Keflvíkingar á tónleikunum á Faktörý um helgina þar sem sveitimar eru báðar af Suðurnesjunum. „Svo er Faktörý einhvern veginn staður Keflvíkinga í Reykjavík, einskonar Paddy's Reykjavíkur,“ segir Valdimar og hlær. Aðgangseyrir er 1.000 krónur á tónleika Valdimars og Ælu á laugardagskvöldið en frítt er inn á tónleikaröð Gogoyoko á Hressó á fimmtudagskvöldið meðan húsrúm leyfir.

fílófaxið

fimmtudagur **5** maí

II - LJÓSMYNDASÝNING

Ljósmyndasafn Reykjavíkur
17:00 Ljósmyndarinn Valdis Thor opnar ljósmyndasýninguna II í Skotinu, Ljósmyndasafni Reykjavíkur í Grófarhúsinu við Tryggvagötu. Sýningin stendur til 29. júní og á henni gefur að líta 100 myndir sem Valdis hefur tekið á síðasta áratug.

DANÍEL ÁGÚST
Græni hatturinn, Akureyri
21:00 Daniel Ágúst gefur norðanmönnum færi á að hljóða á nýjstu sólóplötu sína, TheDrift, í flutningi flottustu hljóðfærleikara landsins sem munu bjóða upp á fimm stjörnu tónleika.

föstudagur **6** maí

WHITE COWBELL OKLAHOMA
Sódóma
22:00 Bandaríska rokkveitin White Cowbell Oklahoma heldur sína fyrstu tónleika á Íslandi en tónleikar sveitarinnar eru sagðir vera eins og að ferðast aftur í tímann til gullnu ára rokksins. Aðgangseyrir er 1.000 krónur.

GANG RELATED OG FLEIRI
Dillon
22:00 Gang Related, Ofvitarnir og No To Self leiða saman hesta sína á alvöru rokktonleikum. Frítt inn.

laugardagur **7** maí

FATAMARKAÐUR
Prikíð
13:00 Þar Anna Soffía, Svala Lind og Erna Bergmann halda villtan og trylltan fatamarkað á efri hæð Prikisins um helgina. Girnilegar gersemar á göðu verði.

ÁRSHÁTIÐ DALLAS- KLÚBBSINS
Félagsheimili Seltjarnarness
21:00 Ópin árhátíð Dallas-klúbbsins verður haldin um helgina í tilefni 15 ára afmælis klúbbsins. Léttsveit Dallas stígur á pall ásamt Herberti Guðmundssyni og DJ Gullfoss & Geysir þeyta skífum langt fram eftir nóttu. Aðgangseyrir er 1.500 krónur og rennur ágóði til Umhyggju, samtaka langveikra barna.

BEARDYMAN
Nasa
22:00 Hinn breski Beardyman tryllir lýðinn á Nasa á laugardagskvöldið ásamt fjölda tónlistarmanna frá ýmsum löndum. Miðaverð er 3.000 krónur í forsoðu sem fer fram í verslunum Skór.is og Lucky Records.

Justin Bieber notar Proactive® Solution

Burt með bólurnar!

Í Proactiv® Solution eru efni sem hreinsa húð þína og eyða bólum. Með daglegri notkun koma efnin í veg fyrir að nýjar bólur myndist. Við lofum því!

Eftirtalin sjálfstæð Apótek selja einnig Proactiv Solution:

REYKJAVÍKURAPÓTEK, Seljavegi 2 // **LYFJABORG APÓTEK**, Borgartúni 28 // **GARÐSAPÓTEK**, Sogavegi 108
URÐARAPÓTEK, Grafarholti // **RIMA APÓTEK**, Grafarvogi
APÓTEK HAFNARFJARÐAR, Tjarnarvöllum 11
ÁRBÆJARAPÓTEK, Hraunbæ 115 // **LYFJAVER** Suðurlandsbr. 22

Heilsubudin.is
- bætt útlit, betri líðan

LOKAPRÓFIÐ

5. maí 2011 | **MONITOR** skólinn

Ég heiti MARTA MARÍA

Ég heilsa fólki venulega með eftirfarandi kveðju:

a) Sæl/sæll
b) Hæ. Eitthvað slúður? (Ég er alltaf að leita að fríum) (10)
c) Bledsigenzo, hvað segir kaddlinn/keddingin?
d) Heil!
e) Óg: HEI HEI, VERTU SMÁ NVEIM. ÞU FÉR ÞU TIL UT BRÖS.

Ég skammast mín einna mest fyrir

a) Að hafa ekki verið viðstödd konunglega brúðkaupið síðasta föstudag
b) Að hafa klæðst húlluðuðum sokkabuxum á reunioni árið 2002
c) Að hafa einu sinni kallað ómálaða Kim Kardashian „guggu“
d) Ég skammast mín ekki fyrir neitt
e) Sent Bjarna Arasyni þessu plötu í pösti

Upphaldsstjarnan mín er

a) Maistjarnan
b) Kim Kardashian
c) Bjarnheiður Hannesdóttir
d) Elly Ármann
e) Victoria Beckham
d)

Því hún er vertur svo kraftur þar þegar hún er í svartu léturjakningi

Ég er leynilega skotin í

a) Stebba Hilmar
b) Sigurjóni Sighvats
c) Davíð Oddssyni
d) Goddi
e) Því hann er svo metinn!
Hætti nýjlega af þessu á milli, auðgáttu við hann vita! :-)

Það sem fáir vita um mig er
at ég er fíranlega góður partyhaldari og er alltaf á biladelli. Nýjdi þegar labba mat sem síðasta sms sem ég fékk var frá Helga Jóhannessyni. Lögmanni þú lók og í því stóð H.R. Hvar eru? Þú á KRÚSKU M KRÚSTVANI :-)

Ef ég mætti gera einn Facebook-status sem allur heimurinn sæi myndi ég skrifa

Eru þu nú þessu þessu allir í stötu? ... ÞÚ ÞU

Þú veist hver ég er af því að ég skrifaði bókinna um Nylon-stelpurnar...

Að byrja með nýjan vef á mbl er

a) Pressa
b) þarna stening! (Éta epli allar að veimur þar. Nýja afangastar hjóla Upphaldssjónvarpsátturinn minn er)

a) Pressa
b) Are You Smarter Than a 5th Grader?
c) Sunnudagsmessan
d) MAKALANS

Af því að þú var einu Sianí Makalans, vagn þú stöðvum þess og hún sé g!

Best klædda kona heims er pottþétt

a) Sienna Miller
b) Kate Moss
c) Alexa Chung
d) Mary-Kate Olsen
e) HELGA OLAFSDÓTTIR fatahönnuður

Nýi vefurinn minn á mbl.is heitir

a) Verönd Mörtu Maríu
b) Ísöld Mörtu Maríu
c) Köngulóavefur Möllu Mæ
d) Smartland Mörtu Maríu

Af því að þetta nafn hefur fylgt mér lengi. Viðir minni kalla heimili mitt SMARTLAND

Upphaldsmynstrið mitt er

a) Doppött
b) Hlébarða
c) Röndótt
d) Teiknimynda
e) met slatta af bleiku og teiknimynda!

Besta Martan fyrir utan mig er

a) Martha Stewart
b) Martha Ernstsóttir
c) Kanadíska popphljómsveitin Martha and the Muffins
d) Þú fyrir utan skattsviðin... þú varst einu þú!

Ef ég væri ekki vefstýra væri ég

a) Skólastjóri Hússtjórnarskólans
b) Sjónvarpskokkur
c) Tiskufatahönnuður
d) þú á Kennandi í Indlunni

Eiginhandararitunin mín lítur svona út:

MARTA MARÍA

Síðast en ekki síst

» **Danni Deluxe** plötusnúður og útvarpsmaður fílar:

Kvikmynd Mallrats eftir Kevin Smith. Ég horfi reglulega á hana og finnst hún alltaf jafnfyndin.

Þáttur Breaking Bad. Besti þátturinn í sjónvarpi í dag, punktur. Fjallar um miðaldra efnafræðikennara sem greinist með krabbamein og fer að framleiða crystal-meth. Fjórða sería dettur í gang í sumar. Fimm stjörnur.

Vefsíða www.reddit.com. Hlekkir á alls konar góð dæmi.

Bók The 4-Hour Body eftir Timothy Ferriss. Bók eftir gæja sem hefur gert tilraunir á líkama sínum í mörg ár og segir þér hvernig þú átt að ná markmiðum þínum. Hvort sem þú er að missa 20 kg af fitu, bæta á

þig 10 kg af vöðvum eða sofa tvo tíma á næturnar og vakna samt ferskur. Fyrir djúppenkjandi menn. #SWAG #köttið2011

Plata Gucci Mane - Free Gucci 2: The Burrtrish edition. Elska Gucci Mane, og þarna er hann remixaður af breskum pródúserum og ég hækka þennan upp í rautt. Hann var líka að fá sér tattú af ís í brauðformi í andlituð. Ert þú með þannig?

Staður Prikíð. El classico. Alltaf gott að kikja þangað og taka stöðuna. Spila mikið þar og fer mikið þangað þess á milli og fæ mér einn tvöfaldan latté (no homo).

máltíð
mánaðarins
á kfc

Zinger

TWISTER®



899
kr.



SV000gott™

0gr.
trans-
fita

www.kfc.is

FAXAFENI • GRAFARHOLTI • HAFNARFIRÐI • KÓPAVOGI • MOSFELLSBÆ • REYKJANESBÆ • SELFOSSI



Vertu með **11 miða** á Busta Rhymes!

Póstaðu á Facebook vegginn okkar uppáhalds vídeóinu þínu með Busta Rhymes og **þú og 10 vinir þínir** elgð möguleika á miðum á tónleikana 17. maí. í Valsheimillnu. Við drögum út miðvikudaginn 11. maí.

www.ring.is / m.ring.is



www.facebook.com/ringjarar



VERTU MEÐ